ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Hornstrandir vinsælar eftir Börn náttúrunnar

Framlag ríkisins til kvikmyndagerðar er stöðugt til umræðu og bent á að með litlu framlagi minnki framlagið frá öðrum þjóðum, – við erum að missa af miklu fé. En það er önnur hlið á íslenskri kvikmyndagerð. Hún getur líka örvað ferðamannastraum. Svo virðist sem kvikmynd **Friðriks Þórs Friðrikssonar**, Börn náttúrunnar, hafi kveikt þrá í brjóstum margra útlendinga að komast í kyrrðina og friðinn á Hornströndum, ekki síst Þjóðverja sem sáu mynd Friðriks, sem sýnd var þar í landi við góða aðsókn.

„Tilfinning manns segir að þetta sé rétt, en ég tek það fram að ég hef ekkert í höndunum um þetta, enda er ekki til nein flokkun á þjóðerni fólks, sem farið hefur á Hornstrandir í sumar“, sagði **Anna Margrét Guðjónsdóttir**, ferðamálafulltrúi Vestfjarða í samtali við Alþýðublaðið. Anna Margrét sagðist kannast vel við þessa kenningu og taldi hana ekki fráleita. Hún hefði talað við bændur í Reykjarfirði og á Dröngum sem vissu til að kvikmyndin hefði kveikt í ýmsu útlendu ferðafólki, sem haldið hefði með Djúpbátnum og fleiri farartækjum á Hornstrandir.

Sagði Anna Margrét að ferðafólk, bæði erlent og innlent, sækti mjög í Hornstrandir. Ekki væru þó allir nógu vel útbúnir til slíkra ferða og væri reynt að beina þeim annað, enda af nógu að taka af skemmtilegum ferðamöguleikum á Vestfjörðum. Ferðamannastraumurinn vestra jókst mikið í sumar, – en var furðu misjafn milli svæða að sögn Önnu Margrétar.



***FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON.** Talið er víst að mynd hans, „Börn náttúrunnar“, hafi örvað mjög straum ferðamanna á Hornstrandir.* Alþýðublaðsmynd / Einar Ólason

SAMBANDSÞING SUJ

Sambandsþing ungra jafnaðarmanna verður haldið helgina 4. til 6. nóvember næstkomandi. Dagskrá og staðsetning þingsins verður auglýst síðar.

Framkvæmdastjórn SUJ.

STUTTFRÉTTIR...

Óheppileg MYNDBIRTING

Í síðasta mánuði birtist „rugluð“ mynd af ungum manni, **Styrmi Bjarti Karlssyni** á forsíðu ***Pressunnar***. Myndbirtingin var kærð til ***Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands***, enda var þar fjallað um svikahrapp, gjörsamlega ókunnan Styrmi. Pressan baðst afsökunar í næsta blaði, en birti síðan myndina að nýju í auglýsingum á blaðinu. Þá kærði Styrmir, taldi sig vel þekkjanlegan þrátt fyrir „ruglunina“. Myndina hafði Pressan tekið út úr gamalli auglýsingu þar sem Styrmir sat fyrir. Siðanefnd telur sig ekki hafa lögsögu hvað kæruefnið varðar, hér er um að ræða auglýsingu en ekki ritstjórnarefni. Málinu var vísað frá, – „þótt val á forsíðunni í auglýsingunni hafi ljóslega verið óheppilegt“...

SELT á Þýskalandsmarkaði

Á sama tíma og atvinnuleysi er landlægt á Íslandi, selja togarar sem fyrr á erlendum mörkuðum. Í síðustu viku seldu togararnir ***Engey RE 1*** í eigu Granda, og ***Dala Rafn VE 508***, í Bremerhaven í Þýskalandi, – alls rétt um 300 tonn, aðallega karfa. Fyrir aflann fengu togararnir rétt liðlega 31 milljón króna. Þeir Engeyjarmenn fengu 114,50 krónur fyrir kílóið, en Eyjamenn aðeins 95,25 krónur. Landað hér heima hefði þetta aflamagn veitt fjölmörgum vinnufúsum höndum atvinnu, – og verðmætaaukning aflans orðið til muna meiri fyrir þjóðarbúið. Til viðbótar voru nýlega seld rúm 300 tonn í gámum til Englands, mest þorskur og fyrir kílóið fengust að meðaltali 138 krónur...



FRÍMERKI um frímerki

Næsta frímerkjaútgáfa ***Pósts og síma*** er nokkuð sérstök því hún er helguð frímerkjum, það er frímerkjasöfnun. Frímerkjasöfnun á ef til vill undir högg að sækja í dag, en engu að síður hefur þetta tómstundagaman verið kallað *Konungur tómstundastarfanna* og einnig hefur því verið snúið við í *Tómstundastarf konunganna*. Hvað um það frímerkjasöfnun er göfug iðja og þarft mál að kenna unga fólkinu handtökin...

Viltu JAPANSKAN pennavin?

„Fólk um allan heim þarf að dýpka vináttuna sín á milli“, segja samtökin ***International Friendship Club*** í bréfi til blaðsins. Þau stinga upp á að fólk taki upp í meira mæli pennasamband sín á milli til að kynnast viðhorfum, siðvenjum og daglegu lífi í fjarlægum löndum. Og hvers vegna ekki að fitja upp á bréfaskiptum við japanska pennavini? Ágæt hugmynd, þegar veturinn er á næsta leyti. Skrifið til: ***International Friendship Club, P.O.Box 6, Hatogaya, Saitama, 334 JAPAN***...

EINAR landsbókavörður



Fimm sóttu um stöðu *landsbókavarðar*, sem mun reka hina nýju ***Þjóðarbókhlöðu***, sem tekur til starfa innan fárra mánaða í glæsilegu og dýru húsnæði á Melunum. **Einar Sigurðsson** (– sjá mynd), háskólabókavörður, hefur nú verið skipaður í stöðuna til sex ára. Auk hans sóttu um: **Guðrún Karlsdóttir**, deildarstjóri, **Hildur G. Eyþórsdóttir**, yfirbókavörður, **Leó Ingason**, cand. mag., og **Sigrún Klara Hannesdóttir**, prófessor. Einar tekur við starfinu frá 1. október að telja af **Finnboga Guðmundssyni**, sem nú lætur af störfum aldurs vegna...

Á laugardaginn opnar yfirlitssýning á verkum eftir **MAGNÚS PÁLSSON** að **KJARVALSSTÖÐUM,** en hann var einn aðalþátttakandinn í þeim umbreytingum sem urðu í íslensku listalífi á 7. áratugnum þegar framsæknir listamenn settu til hliðar hefðbundin efni og aðferðir við listsköpunina:

Þanþol

Á laugardaginn klukkan 16:00 verður formlega opnuð að ***Kjarvalsstöðum*** yfirlitssýning á verkum **Magnúsar Pálssonar**. Magnús var einn aðalþátttakandinn í þeim umbreytingum í íslensku listalífi á 7. áratugnum þegar framsæknir listamenn settu til hliðar hefðbundin efni og aðferðir við listsköpunina og tóku að vinna út frá listhugmyndum tengdum *Fluxus-hreyfingunni, Arte Povera* og *Concept-listinni*. Allar götur síðan hefur Magnús Pálsson kunnað að þróa á persónulegan hátt hugmyndalega listsköpun jafnframt því sem hann hefur lagt stóran skerf til kennslu myndlistarmanna á síðastliðnum áratugum.


Myndverk Magnúsar Pálssonar eiga það yfirleitt sameiginlegt að vera á mörkum þess, sem við erum vön að kalla myndlist í daglegu tali.

Það er ekki hægt að skilgreina þau með einföldum hætti sem málverk, höggmynd, grafík eða teikningu, og á seinni tímum hafa þau nálgast það að vera bókmenntir, hljóðverk, tónverk eða jafnvel leiklist, án þess þó að tengslin við myndlistarhugtakið séu að fullu rofin. Það skilgreinir sig sjálft upp á nýtt með sérhverju verki. Um leið og hún hafnar gömlum skilgreiningum heldur hún sig á því hættusvæði, sem við getum sagt að sé á mörkum þess mögulega.

Myndlist Magnúsar reynir á þanþol myndlistarinnar og möguleika hennar til að skapa merkingarbært myndmál, sem ekki þiggur réttlætingu sína frá viðurkenndri hefð og fyrirfram gefnum ramma eða formúlu.

Magnús Pálsson fæddist á Eskifirði 1929. Hann stundaði nám í leikmyndagerð í Birmingham á Englandi, Reykjavík og Vínarborg á árunum 1949 til 1956. Næstu tuttugu árin vann hann við leikmyndagerð hér á landi og var höfundur fjölda leikmynda í ***Þjóðleikhúsinu***, hjá ***Leikfélagi Reykjavíkur*** í Iðnó og hjá ***Grímu***, en hann var einn af stofnendum þar og formaður um skeið.

Magnús hefur um langt árabil verið í fremstu röð íslenskra framúrstefnulistamanna og einkum unnið skúlptúra, umhverfisverk og performansa. Hann hefur sýnt verk sín sjálfstætt eða með öðrum á um það bil 50 sýningum hér heima og erlendis, til að mynda með ***SÚM***, í ***Nýlistasafninu***, og í fjölda evrópskra borga, meðal annars í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Hollandi, Þýskalandi og Ítalíu. Þá hefur hann verið leiðandi kennari í listtilraunum og nýlistadeildum listaskóla, meðal annars í



Fjöllistamaðurinn MAGNÚS PÁLSSON var í óðaönn við uppsetningu yfirlitssýningar sinnar þegar við gengum fram á hann á KJARVALSSTÖÐUM í gærdag. Jöfurinn gaf sér þó smástund til myndatöku..., sallarólegur að vanda. Alþýðublaðsmynd / Einar Ólason

Myndlista- og handíðaskóla Íslands, þar sem hann mótaði nýlistadeildina og veitti henni forstöðu árin 1975 til 1984, ennfremur í Enchede, Amsterdam, Arnheim, Maastricht og í Haag í Hollandi jafnframt sem í ***Ríkisakademíunni*** í Osló. Þá var hann upphafsmaður og skipuleggjandi ***Mob Shop*** listasmiðjunnar og ***Performance/Language/Theatre*** í Viborg í Danmörku.

Sýningin verður opin daglega frá 24. september til 23. október, frá klukkan 10:00 til 18:00. ***Kaffistofa Kjarvalsstaða*** verður opin á sama tíma.